

Cecil Rhodes' Styrkhafinn, 1910-13

JOSEPH ÞÓRARINN THORSON

Að kveldi þess 28 Janúar s.l. var herra Joseph Þórarinn Thorson, kjörin, styrkhafi Cecil Rhodes' sjóðsins við Oxford háskóla fyrir hönd Manitoba fylkis af háskólaráði fylkisins. Þetta er annar Íslendingurinn er hlutið hefir slíkan heiður nú á tveimur árum. Í fyrra Skúli Johnson, nú Joseph Thorson. Er það ekki lítill heiður þjóð vorri hér og sannarlega oss öllum fagnaðarefni.

Fyrir rúmum 30 árum kom um vér fyrst hingað til þessa lands, fátækir, fávísir, mállausir og villiráfandi, hraktir af ættjörðinni sakir skorts og harðréttar, fyrirlitnir, taldir glataðir og fortapaðir af braeðrunum er eftir sátu, reknir eins og geitfó og búsmáli af þeim er fyrir voru hér í landi, á afréttir og eyðimerkur til þess að duga eða drepast, eftir að þangað kom.

En þetta var fyrir 30 árum.

Fortapaða fólkið lifði, það bjargaðist með allt sitt á land og það hefir haldið öllu sínu til móts við aðra menn, svo að tvísýni mun á hvort fremur sé ættþjóð vorri og föðurlandi til sóma, týndi sonurinn er fór til fjarlæga landsins *arflaus*, eða sá útvaldi er heima sat. Enda eru kalayrðin orðin fá nú í garð hinna útfluttu manna. Og það er vel, því vér erum öll eitt fólk, þeir

